

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**HS Orku hf.**  
**og**  
**Starfsmannafélags Suðurnesja, Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og Starfsmannafélags**  
**Vestmannaeyjabæjar**

**1. gr.**

Síðasti gildandi kjarasamingur framlengist til 31. desember 2010 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í þessum samningi felast. Samningur þessi gildir frá 1. maí 2009.

**2. gr.**

Á gildistíma samnings þessa breytast launataxtar kjarasamnings sem hér segir:

Við gildistöku	7.750 kr.
1. nóvember 2009	1,75%
1. júní 2010	2,5%

**3. gr.**

Desember- og orlofsuppbætur fyrir fullt starf verða sem hér segir:

**Desemberuppbót:**

Árið 2009 kr. 70.000

Árið 2010 kr. 71.600

**Orlofsuppbót:**

Á orlofstímabilinu sem hefst 1. maí 2009 kr. 37.200

Á orlofstímabilinu sem hefst 1. maí 2010 kr. 38.000

**4. gr.**

Frá gildistöku samningsins greiðir HS Orka hf. 0,13% gjald af heildarlaunum starfsmanna til Starfsendurhæfingarsjóðs sem starfar samkvæmt sérstöku samkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

**5. gr.**

**Orlof**

Starfsmaður sem unnið hefur í 5 ár í sömu starfsgrein á rétt á orlofi í 25 virka daga og orlofslaunum sem nema 10,64%.

Starfsmaður sem unnið hefur í 10 ár í sömu starfsgrein á rétt á orlofi í 27 virka daga og orlofslaunum sem nema 11,59%.

Starfsmaður sem unnið hefur í 5 ár hjá HS hf. á rétt á orlofi í 28 virka daga og orlofslaunum sem nema 12,07%.

Starfsmaður sem unnið hefur í 10 ár hjá HS hf. á rétt á orlofi í 30 virka daga og orlofslaunum sem nema 13,04%.

Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sama vinnuveitanda öðlast hann að nýju eftir eins árs samfelldu starf hjá HS Orku, enda hafi rétturinn verið sannreindur.

#### **6. gr.**

##### **Framlenging samnings**

Komi til þess að samninganefnd Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, sem fjallar skal um framlengingu kjarasamninga fyrir lok október 2009, nái samkomulagi um breytingu á kjarasamningum skal sama gilda um þennan samning.

Náist ekki samkomulag um áframhaldandi gildi kjarasamninga, verður heimilt að falla frá framlengingu samningsins frá lokum október 2009. Skal þá sá aðili sem ekki vill framlengingu samningsins skýra frá þeirri ákvörðun eigi síðar en 31. október og fellur þá samningurinn úr gildi frá lokum október 2009, ella framlengist samningurinn til 31. desember 2010.

#### **7. gr.**

Atkvæðagreiðsla og talning verður sameiginleg hjá þeim þremur stéttarfélögum sem að samkomulaginu standa. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl 15:00 þann 21. september 2009 skoðast samkomulagið samþykkt.

Reykjanesbær, 14. september 2009

F.h. Starfsmannafélags Suðurnesja

F.h. HS Orku hf.

F.h. Starfsmannafélags Hafnarfjarðar

F.h. Starfsmannafélags Vestmannaeyjabæjar

## **Bókun um viðmiðunarreglur HS Orku vegna styrkja og tryggingaverndar starfsmanna**

HS Orka hefur sett viðmiðunarreglur vegna heilsu og tryggingaverndar starfsmanna sem ekki eiga aðild að sjúkrasjóðum stéttarféлага. Endurskoðun þeirra fer fram reglulega og þá m.a. horft til reglugerða í sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarféлага. Endurskoðun fer fram að höfðu samráði við fulltrúa þeirra starfsmanna sem undir reglurnar falla.